



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Stýrihópur um endurskoðun stefnu velferðarsviðs um velferðartækni

Efni: Niðurstöður stýrihóps um endurskoðun stefnu velferðarsviðs um velferðartækni

Fyrsta heildstæða stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022 var samþykkt í velferðarráði 12. febrúar 2018 og í borgarstjórn 6. mars sama ár, ásamt aðgerðaáætlun sem var endurskoðuð í árslok 2018. Meðal aðgerða var að setja á fót velferðartæknismiðju, sem hóf starfsemi í maí 2018. Þann 20. febrúar 2019 var samþykkt í velferðarráði endurskoðuð og kostnaðarmetin aðgerðaáætlun. Í stefnunni kom fram að Reykjavíkurborg myndi nýta velferðartækni til að auðvelda fólki að búa á eigin heimili við betri lífsgæði, þrátt fyrir öldrun, fötlun eða veikindi og gera því jafnframt kleift að vera virkari þátttakendur í samfélaginu. Á þeim hart nær fjórum árum sem liðin eru frá því að stefnan um velferðartækni var samþykkt hefur orðið ör þróun á sviði velferðartækni og ástæða til að endurskoða stefnuna.

Á fundi velferðarráðs þann 8. desember 2021 var samþykkt tillaga um skipun stýrihóps um endurskoðun stefnu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022. Stýrihópurinn var skipaður með erindisbréfi frá Reginu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs þann 5. janúar 2022.

Verkefni hópsins voru samkvæmt erindisbréfinu að endurskoða fyrirbyggjandi stefnu um velferðartækni og móta nýja stefnu til fimm ára ásamt kostnaðarmetinni aðgerðaáætlun til tveggja ára.

Verkefni:

1. Endurskoða og leggja fram nýja stefnu um velferðartækni til fimm ára.
2. Leggja mat á þann árangur sem hefur náðst í velferðartæknimálum sl. fjögur ár.
3. Leggja fram kostnaðarmetna aðgerðaáætlun til tveggja ára með skýrri forgangsroðun. tillögu að nýrri stefnu velferðarsviðs á sviði velferðartækni í þjónustu, þ.e. sýn Reykjavíkurborgar og áætlun til þess að fylgja henni eftir.

Hópin skipuðu:

Elín Oddný Sigurðardóttir fulltrúi meirihluta og formaður

Ellen Jacqueline Calmon fulltrúi meirihluta

Sanna Magdalena Mörtudóttir fulltrúi minnihluta

Kristín Sigurðardóttir starfsmaður hóps og fulltrúi frá velferðarsviði með þekkingu á velferðartækni

Sigprúður Guðnadóttir starfsmaður hópsins og fulltrúi frá velferðarsviði með þekkingu á velferðartækni

Stýrihópurinn starfaði á tímabilinu 13. janúar - 31. mars 2022 og var fundað átta sinnum á starfstímanum. Hópurinn hélt fundi 13. janúar og 2. febrúar. Formaður og starfsmaður héldu vinnufund þann 9. febrúar. Hópurinn fundaði svo 23. febrúar og lagði upp vinnuáætlun. Á milli funda var unnið í opnu skjali sem allir í hópnum höfðu aðgang að og gátu breytt að vild. Fundur var haldinn með álitsgjöfum um málefni fatlaðs fólks 2. mars og haldinn var fundur með álitsgjöfum um málefni aldraðra 9. mars. Formaður og starfsmaður hópsins funduðu 28. mars og fóru yfir stefnuþrögin og stýrihópurinn fundaði loks 30. mars þar sem gerð var lokayfirferð yfir þrögin.

Stýrihópurinn sér fyrir sér að eftir að stefnan er samþykkt fari af stað vinna við gerð kostnaðarmetinnar aðgerðaáætlunar sem verði unnin á velferðarsviði. Einnig telur hópurinn að í samræmi við áherslu í velferðarstefnu Reykjavíkurborgar á virkt notendasamráð í skipulagningu á velferðarþjónustu skuli hjálögð drög að nýrri stefnu velferðarsviðs um velferðartækni 2022-2026 fara til umsagnar hagsmunaaðila og í opið umsagnarferli meðal borgarbúa.

Hjálagt:

Drög að stefnu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um velferðartækni 2022-2026

Stefna velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um velferðartækni 2018-2022

Erindisbréf stýrihóps um endurskoðun stefnu velferðarsviðs um velferðartækni